Kópavogi, 10. nóvember 2025
2510163/ KHK

Kambavegur 1

Umsögn um byggingarleyfisumsókn

Umsögn skipulagsfulltrúa

Vísað er til byggingaleyfisumsóknar Veitna ohf. dags. 8. september 2025 á lóðinni Kambavegi 1. Sótt er um byggingarleyfi fyrir dreifistöð Veitna á lóðinni. Byggingarfulltrúa vísaði erindinu til umsagnar skipulagsfulltrúa þann 26. september 2025.



Mynd 1. Loftmynd af umræddri lóð. Tekin af kortavef Kópavogs.

Gögn til yfirferðar

Skráningartafla og afstöðumynd, dags 8. september 2025

Grunnmynd, útlit og snið , dags. 8.september 2025

Viðbótargögn í tölvupósti: Tilkynning drst Dalveg 30a og Kambaveg 1, dags. 30. október 2025.


Forsendur í deiliskipulagi

Deiliskipulag Vatnsendahvarfs, dags 14. nóvember 2023 setur fram skilmála fyrir dreifistöðvar rafmagns. Heimilt er að reisa einnar hæðar byggingu innan byggingarreits, með hámarkshæð upp á 3 metra yfir uppgefnum gólfkóta. Útlit og frágangur dreifistöðva skal samræmast byggingum í nærumhverfi og uppfylla almenn skilmálaviðmið um byggingarefni, þakform og frágang lóða. Þannig er tryggt að dreifistöðvar falli vel að umhverfi sínu og séu bæjarfélaginu til sóma.

í kafla 4.10.1 kemur fram að vanda skal til við val á byggingarefnum og horfa til umhverfissjónamiða. Almennt skal notast við hlýlega og náttúrulega liti og efni. En að lágmarki skal 25% af efnisvali bygginga vera með hlýlega litatóna.

Umsókn um byggingarleyfi

Sótt er um byggingarleyfi fyrir dreifistöð veitna á Kambavegi 1 . Á aðaluppdráttum dags. 25 maí 2025 kemur fram að útveggjagrind og þak er gert úr stálprófílum og stöðin er klædd málmklæðningu.



Í tölvupósti dags 30.október er óskað eftir afstöðu til eftirfarandi útlits á dreifistöð.

Kambaveg 1
Getið þið vinsamlegast tekið afstöðu til þessar stöðvar



Umsögn og niðurstaða

Litur á málmklæðningu sem synd eru í viðbótargögnum telst hlýlegur og samræmist litatónaviðmiðum deiliskipulagsins. Skipulagsfulltrúi bendir þó á að vanda þurfi sérstaklega til frágangs og efnisvals, í samræmi við kafla 4.10 í greinargerð, til að tryggja að mannvirkið falli vel að umhverfi sínu og sé bæjarfélaginu til sóma. Ekki er talið að umsótt byggingaráform samræmist gæðaviðmiðum deiliskipulags.

F.h. skipulagsfulltrúa
Kristjana H Kristjánsdóttir
Skipulagsfræðingur

Rafræn skilríki

Undirritað af: Kristjana H Kristjánsdóttir

Tími: 11.11.2025 8:48
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign